

Minnisblað

Til: Bæjarráðs
Frá: Margréti Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs
Dags. 7. júlí 2017
Mnr. 2017070025



ÍSAFJARÐARBÆR

Heilsueflandi samfélag

Undirrituð sat vinnustofu um Heilsueflandi samfélag þann 9. maí s.l. sem skipulögð var af Embætti landlæknis. Heilsueflandi samfélag er samfélag þar sem heilsa og líðan íbúa er í fyrirrúmi í stefnumótun og aðgerðum á öllum sviðum (e. *Health in All Policies* [HiAP]). Um er að ræða heilðræna nálgun sem hefur það að leiðarljósi að allir geirar hafi hlutverk þegar kemur að því að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan íbúa.

Meginmarkmið Heilsueflandi samfélags er að styðja samfélög í að skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa.

Dæmi ummálaflokka sem hafa áhrif á heilsu og líðan íbúa

- Skólastarf, aðbúnaður starfsfólks, nemenda og barna
- Æskulýðs-og íþróttastarf, framboð og aðgengi
- Skipulag og hönnun hverfa og bygginga
- Samgöngur og aðgengi að byggingum og þjónustu
- Félagsþjónusta, aðbúnaður eldri borgara og viðkvæmra hópa
- Heilbrigðisþjónusta, samstarf um aukið aðgengi og gæði
- Umhverfismál, t.d. loftgæði og úrgangsmál
- Öryggi íbúa

Í framhaldi af vinnustofunni, sem var ágætlega sótt, þarf að taka ákvörðun um það hvort Ísafjarðarbær hyggist verða Heilsueflandi samfélaga. Það þarf ekki að greiða landlæknisembættinu fyrir þátttöku en það leggur til stuðning og ráðgjöf, gefur út gátlista, heldur námskeið og útvegar kynningarefni svo fátt eitt sé nefnt. Sveitarfélagið þarf að hafa forgöngu um að mynda stýrihóp og senda inn umsókn, verði niðurstaðan sú að sækja um að verða Heilsueflandi samfélag.

Með minnisblaði þessu fylgir stutt glærुकyning og umsóknareyðublað.

MH